


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Nóvember 2025


Sundabraut

Sjö af hverjum tíu landsmönnum sem taka afstöðu eru hlyntir lagningu Sundabrautar, milli Sæbrautar og Kjalarness. Einn af hverjum tíu er andvígur henni og tveir af hverjum tíu hvorki hlyntir né andvígir. Einn af hverjum tíu aðspurðra tekur ekki afstöðu.

Hvert er viðhorf þitt til þess að Sundabraut yrði lögð, frá Sæbraut að Kjalarnesi?



Karlar eru hlyntari lagningu Sundabrautar en konur, sem segjast frekar en karlar hvorki hlyntar né andvígir henni. Eldra fólk er almennt hlyntara lagningu brautarinnar en yngra. Íbúar Reykjavíkurkjördæmis norður eru helst andvígir lagningu hennar en íbúar norðvesturkjördæmis hlyntastir. Einhver munur er á viðhorfi fólks eftir því hvaða flokk það kysir ef kosið yrði til Alþingis nú en hann er ekki ykja mikill.




Á leiðinni milli Sæbrautar og Gufuness eru tveir meginkostir til skoðunar; brú eða göng. Landsmenn skiptast í tvær fylkingar þar sem rúmlega helmingur þeirra sem taka afstöðu telur ákjósanlegra að leiðin yrði göng og tæplega helmingur að hún yrði brú. Nær þrír af hverjum tíu taka ekki afstöðu.

Hvort telur þú ákjósanlegra að leiðin frá Sæbraut yfir í Gufunes yrði göng eða brú?



Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru hlynntari því að þessi hluti leiðarinnar yrði göng á meðan íbúar landsbyggðarinnar eru hlynntari því að hún yrði brú. Fólk með hæstu fjölskyldutekjurnar er hlynntast göngum. Þeir sem eru hlynntir lagningu Sundabrautar eru líklegri til að vilja að þessi hluti hennar verði brú á meðan þeir sem eru andvígir lagningu brautarinnar eru mun líklegri til að vilja að þessi hluti hennar verði göng.

Greiningar



* Marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

- Hvert er viðhorf þitt til þess að Sundabraut yrði lögð, frá Sæbraut að Kjalarnesi?
- Hvort telur þú ákjósanlegra að leiðin frá Sæbraut yfir í Gufunes yrði göng eða brú?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 22. október til 5. nóvember 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.779 og þátttökuhlutfall var 44,1%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.